

**Fundargerð samstarfsnefndar
Sambands íslenskra sveitarfélaga
og
Félags kennara og stjórnenda í tónlistarskólum**

81. fundur samstarfsnefndar Sambands íslenskra sveitarfélaga og KÍ vegna Félags kennara og stjórnenda í tónlistarskólum var haldinn mánudaginn 10. maí 2021. Fundurinn var fjarfundur haldinn í Teams og hófst hann kl. 11:00.

Mætt f.h FT, Sigrún Grendal, Guðbjörg Sigurjónsdóttir. Af hálfu SNS mættu Harpa Ólafsdóttir og Bjarni Ómar Haraldsson sem einnig ritaði fundargerð.

Pá var gengið til dagskrár:

1. Ósk um að raða tónlistarskólakennara í starfsheitið Tónlistarskólakennari III.

Tekið fyrir erindi skólastjóra Tónlistarskóla Fáskrúðsfjarðar, Stöðvarfjarðar og Breiðdals dags. 10.08.2020 þar sem óskað er eftir því að samstarfsnefnd raði starfandi kennara við skólann í starfsheitið tónlistarskólakennari III í samræmi við bókun V í kjarasamningi aðila.

Niðurstaða:

Samstarfsnefnd er sammála um að tónlistarkennarinn raðist í starfsheitið Tónlistarskólakennari III. Vegna tafa sem urðu á fyrirtöku erindisins af hálfu samstarfsnefndar gildir röðun í starfsheitið Tónlistarskólakennari III frá og með 1. september 2020.

2. Önnur mál

Enginn önnur mál.

Fleira ekki gert og fundi slitið klukkan 11:20.